

**Ed.**

**830. Nefndarálit**

um frv. til l. um viðauka við og breyt. á l. nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og lendarstaði fyrir flugvélar.

Frá meiri hluta samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og auðnaðist henni ekki að verða sammála um afgreiðslu þess.

Einn nefndarmaður, háttv. 6. landskjörinn (StgrA), hafði sérstöðu gagnvart frumvarpinu og mun skila sérstöku álitu. Hins vegar leggur meiri hlutinn (EE, ÞÞ, BK og HV) til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

**BREYTINGUM:**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Flugráð, skipað fimm mönnum, hefur á hendi undir yfirstjórn ráðherra stjórn flugmála og annast rekstur flugvalla ríkisins. Þrír þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára. Ráðherra skipar tvo menn með sérþekkingu á flugmálum í ráðið, annan til 8 ára, en hinn til 4 ára, og sé hinn fyrirtaldi formaður ráðsins. Með sama hætti skulu kosnir og skipaðir 5 varamenn í flugráð.

Póknun til flugráðsmanna skal ákveðin af ráðherra, og greiðist hún úr rikissjóði.

2. Aftan við frv. kemur svo hljóðandi:

**Bráðabirgðaákvæði:**

Starfstímabil þeirra flugráðsmanna, sem kosnir eru af Alþingi í fyrsta sinn samkvæmt lögum þessum, og annars þeirra flugráðsmanna, er ráðherra skipar, skal vera til ársloka 1951, en hins fyrsta formanns ráðsins til ársloka 1955.

Alþingi, 13. maí 1947.

Eiríkur Einarsson,  
form.

Hannibal Valdimarsson,  
frsm.

B. Kristjánsson.

Þorst. Þorsteinsson.